

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1606
komudagur 15.2.2013

Reykjavík, 14.02.2013
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 429. mál

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um frumvarp til laga um náttúruvernd sem lagt hefur verið fyrir á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013.

Í heild er frumvarpið gott og ánægjulegt ef tekst að gera ákveðna hluti skýrari en í gildandi lögum. Nokkur atriði þarfnast þó frekari skoðunar enda líklegt að þeir geti valdið ágreiningi eða mistúlkun nema þeir séu betur útskýrðir. Landsvirkjun getur því ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það byggir á tillögum nefndar sem umhverfisstjórnari skipaði í nóvember 2009. Í umsögn sem send var nefndinni þann 9. desember 2011 um frumvarp til breytinga á lögum nr. 33/1999 um náttúruvernd, sem byggði á vinnu nefndarinnar og ætlað var að taka á tilteknum vandamálum. Í umsögninni benti Landsvirkjun á nokkur atriði sem þyrfti að vinna betur. Því miður hafa þessar ábendingar ekki skilað sér í því frumvarpi sem hér er til umsagnar.

Varðandi efni frumvarpsins vill Landsvirkjun koma eftirfarandi á framfæri við nefndina:

1. gr. liður b.

Ekki verður séð hvernig þessum lögum er ætlað að ná því markmiði sínu að efla þekkingu og fræðslu um náttúruna.

3. gr. liður c.


Meginrökin fyrir greininni er að vatnið sé ein mikilvægasta og verðmætasta auðlind þjóðarinnar. Landsvirkjun áttar sig því ekki á því af hverju þurfi að taka t.d. vatnsfarvegi og fossa fyrir sérstaklega en ekki sem hluta af landslagi (ótilgreindu). Lög um vatnsvernd í tengslum við vatnatilskipun tekur á almennri vernd vatns og vatna. Að öðru leyti er vatnið auðlind af ýmsum orsökum. Þessi liður er því í raun óþarfur í þessum lögum.

5. gr. tl. 2.

Landsvirkjun telur mikilvægt að skilgreina ábyrgðartegundir betur. Hversu stór hluti stofns þarf að hafa viðkomu eða lifa á Íslandi til að geta talist ábyrgðartegund? Mögulega mætti fela Náttúrufræðistofnun Íslands að skilgreina ábyrgðartegundir og gera grein fyrir þeim í valista.

5. gr. tl. 3.

Landsvirkjun telur að þessa setningu þyrfti að orða „Framandi lífvera sem veldur eða er líkleg til að valda rýrnun staðbundinnar líffræðilegrar fjölbreytni eða líffræðilegrar fjölbreytni tiltekinnar svæða til lengri tíma litið.“ Það getur verið eðlileg ráðstöfun að setja inn



ágenga tegund vegna ákveðinna markmiða sem sóst er eftir, t.d. að ná upp frjósemi lands. Túnrækt með grasi er t.d. ágeng í þeirri merkingu sem lagt er í hugtakið samkvæmt orðalagi frumvarpsins.

5. gr. tl. 17.

Skilgreina þarf betur hvað eru „óbyggðir“, einkum hvað átt er við með: „þar sem mannvirki eru ...lítt áberandi“. Fellur t.d. undir þetta orðalag borholutoppur, lítið hús eða kassi fyrir mælitæki, lítið áberandi, fáfarinn vegslóði, stígur, skáli eða hálf niðurgrafið hús með torfbaki svo dæmi séu tekin.

5. gr. tl. 21.

Landsvirkjun bendir á að nokkuð margvísleg líffræðileg viðmið eru notuð til að skilgreina „tegund“ og eru sérfræðingar alls ekki sammála um hvað skuli teljast tegund og hvað ekki. Þannig er unnt að finna líffræðileg viðmið til að skilgreina afbrigði bleikju (t.d. í Þingvallavatni) sem tegundir og önnur viðmið sem skilgreina þau sem aðgreinda stofna. Mismunandi skilgreiningar og viðmið á því hvað er tegund og hvað ekki getur skipt gríðarmiklu máli við náttúruvernd og kallar t.a.m. á töluvert nýja nálgun varðandi válista. Það er því mikilvægt að lögin skilgreini betur tegundahugtakið og kveði skýrlega á um hvaða viðmið skuli nota í náttúruverndarlögum.

22. gr.

Landsvirkjun bendir á að það kann að vera matsatriði hver sé munurinn á hefðbundnum viðlegutjöldum og göngutjöldum.


31. gr.

Varðandi 2. málslíð 2. mgr. bendir Landsvirkjun á að tryggja þarf með skýrum hætti undanþágu frá banni við akstri vélknúinna ökutækja utan vega í tengslum við almennar rannsóknir, svo sem vegna kortlagningar á landi, jarðfræði, vatnafari og gróðri, vatna-, vind- og hljóðmælinga og margvíslegra jarðefna- og jarðeðlisfræðilegra mælinga en slíkar rannsóknir þarf m.a. vegna forathugana á virkjunarhugmyndum. Orðalag greinarinnar þarf að taka af öll tvímæli um að slíkar rannsóknir og athuganir vegna virkjunarhugmynda o.fl. falli undir undanþáguákvæðið. Landsvirkjun leggur til að tekin verði öll tvímæli um heimild til undanþága vegna framangreindra rannsókna.

VI. kafli (33-37. gr.)

Þessi kafli fjallar um meðferð svæða/staða á Náttúruminjaskrá, sem er þrískipt (A: friðað, B: á framkvæmdaáætlun og C: til athugunar) sbr. skilgreiningu í 33. grein. Landsvirkjun gerir ráð fyrir að það sem er enn á gömlu náttúruminjaskránni sem *aðrar náttúruminjar* falli í C-flokk. Um B-flokk gilda tímamörk, þannig að tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu falli niður ef ekki verður af friðlýsingu innan 5 ára. Í skýringum kemur fram að eftir 5 ár falla svæði í B-flokki, sem ekki hefur tekist að friðlýsa, niður í C-flokk. Í 34. gr. kemur fram að C-flokkur náttúruminjaskrár verði í umsjón Náttúrufræðistofnunar sem mun með tilteknum hætti vinna að tillögum um nýskráningar í þann flokk. Í 35. gr. er fjallað um þau sjónarmið sem ráði mati á verndargildi. Þegar öll greinin (35. gr.) er lesin saman virðist helsti munurinn á B- og C-flokki vera framkvæmdaáætlunin. Sé þetta réttur skilningur er nauðsynlegt að það komi fram hvað gera skuli við gömlu náttúruminjaskrána (*aðrar náttúruminjar*) sem fæstar hafa farið í gegnum gátlista á borð við þann sem lýst er í 35. gr. Með öðrum orðum telur Landsvirkjun að *aðrar náttúruminjar* þurfi að skrá upp á nýtt.

Varðandi 34. gr. bendir Landsvirkjun á að ekki er gert ráð fyrir aðkomu Alþingis að framkvæmdaáætlun. Þetta telur Landsvirkjun óeðlilegt a.m.k. meðan Alþingi samþykkir verndar- og orkunýtingaráætlunar landsvæða (skv. Rammaáætlun). Afar óheppilegt er að unnið sé að friðlýsingu á grundvelli tveggja áætlana, sérstaklega í ljósi þess að aðkoma



almennings er ekki með sama hætti að þessum áætlunum. Landsvirkjun telur eðlilegt að í stað samráðsferlis sem gert er ráð fyrir í 36. gr. komi heildstætt mat svipað því sem notað er við gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar landsvæða. Óháð því er og bent á að eðlilegt væri að farið yrði með framkvæmdaáætlunina samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.

Lagt er til að vegna fræðslu og verndarsjónarmiða eigi almenningur að eiga kost á staf-rænum kortagrunni fyrir GPS tæki og álíka búnaði til að átta sig á hvenær komið er inn á viðkvæm og friðuð svæði.

54. gr.

Landsvirkjun telur ekki ljóst hvað átt er við með „orkuvinnslu og orkurannsóknir“. Það þarf að skýra betur. Eru t.d. vatnamælingar, mælingar á hita í hverum og vindmælingar óheimilar? Ákvæði sem þetta kann að skerða rétt manna til almennra rannsókna og upplýsingaöflunar eða valda óöryggi þeirra sem stunda rannsóknir að óþörfu. Í þessu sambandi má benda á að rannsóknir gætu leitt í ljós leiðir til að nýta svæði án þess að skerða verndargildi þeirra.

55. gr.


Landsvirkjun telur rétt að áskilja einnig að viðkomandi svæði hafi ekki verið flokkað í bið-flokk verndar- og orkunýtingaráætlunar. Þá er bent á óljóst orðalag varðandi nýtingu svæða sem friðlýst eru samkvæmt þessari grein til orkuvinnsla (sbr. athugasemd við 54. gr. hér að ofan). Landsvirkjun telur jafnframt að fara þurfi með friðlýsingu heilla vatnskerfa samkvæmt sömu aðferðafræði og gert er ráð fyrir við aðra friðlýsingu.

57. gr.

Í 2. mgr. í athugasemdum við greinina kemur fram að ekki hafi náðst árangur með þessari grein (sem er 37. gr. í gildandi lögum) og því nauðsynlegt að gera hann markvissari. Umræða um gildi þessarar greinar þegar kemur að útgáfu framkvæmdaleyfa, gerð skipu-lagsáætlana, matsáætlana o.s.frv. hefur kannski ekki farið hátt, en hún hefur tvímælalaust haft mikil áhrif. Í frumhönnun, við undirbúning, framkvæmdir og rekstur hefur Landsvirkjun alltaf reynt að skerða ekki þær landslagsgerðir sem taldar eru upp í greininni.

Í 2. mgr. 57. gr. er gerð tillaga um skilgreiningu á nokkrum náttúrufyrirbærum sem njóta eiga sérstakrar verndar, mun víðtækari en er í gildandi lögum, auk þess sem bætt er við fyrirbærum. Þannig er til að mynda lagt til að bæta inn að ákvæðið taki einnig til umhverfis fossa í „allt að 200 metra radíus frá fossbrún“. Þá er búið að fella niður stærðarmörk varð-andi lágmarksflatarmál til að hverarhrúðursbreiður teljist til slíkra fyrirbæra. Svo víðtæk skilgreining eins og lagt er til vekur spurningar hvort ekki sé nauðsynlegt að skilgreina í lögnum „foss“, „hrúður“ og „hrúðursbreiður“. Umfjöllun í athugasemdum við greinina styður að þörf sé á slíkri skilgreiningu. Þar segir t.d. „Hugtakið foss er ekki skilgreint sér-staklega í frumvarpinu enda getur verið erfitt að draga þar nákvæm mörk.“ Landsvirkjun er ekki ljós tilgangur með þessari grein frumvarpsins. Er tilgangur hennar að búa til nýjan flokk í náttúruinjasrá (e.k. „D-flokk“)? Benda má á í þessu sambandi að vötn stærri en 1000 m² skipta þúsundum (sennilega tugum þúsunda) á landinu. Landsvirkjun telur eðli-legra að leiðbeiningar í þessu efni verði í reglugerð, þ.e. leiðbeiningum til Náttúrufræði-stofnunar um sjónarmið við nýskráningu náttúruinja.

Í 3. mgr. 57. gr. er lagt til að óheimilt verði „að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.“ Landsvirkjun gerði athugasemd við nánast sama orðalag í umsögn við 225. mál á 140. löggjafarþingi og ítrekar þá athugasemd. Landsvirkjun leggur til að orðalag gildandi laga verði látið standa um að forðast beri röskun eins og kostur er. Í þessu sambandi er einnig vakin athygli á umsögn Samorku til nefndarinnar, dags. 29. nóvember 2011.



Landsvirkjun hefur um áratuga skeið leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á öllum stigum undirbúnings, allt frá fyrstu hugmynd til og með reksturs. Í því sambandi hefur fyrirtækið látið gera miklar og margvíslegar vettvangsrannsóknir, m.a. af Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofum, háskólastofnunum og ráðgjöfum auk þess að hafa samráð við aðila sem hafa beina hagsmuni, stofnanir og fleiri. Til að undirbúningsvinna verði sem skilvirkust er reynt að taka tillit til niðurstaðna rannsókna og sjónarmiða álitsgefenda jöfnum höndum og hefur hvoru tveggja að jafnaði mikil áhrif á þá útfærslu sem lögð er til grundvallar þegar kemur að formlegu mati á umhverfisáhrifum.

Með 5. mgr. 57. gr. er þrengt að heimildum leyfisveitenda til að veita framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi. Þeir þurfa ekki einungis að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar og eftir atvikum annarra fagstofnana, heldur einnig að rökstyðja sérstaklega ákvarðanir ef þær ganga gegn áliti þessara stofnana. Landsvirkjun bendir einnig á að með því að ætla Náttúrufræðistofnun Íslands svo veigamikið hlutverk sem hér er lagt til gætu skapast árekstrar vegna rannsókna sem stofnunin kann að hafa sinnt við undirbúning viðkomandi verkefnis. Gera þarf skýran greinarmun á hlutverki stjórnsýslustofnunar og rannsóknastofnunar.

Landsvirkjun telur ljóst að ef 57. gr. frumvarpsins verður að lögum án breytinga verður þrengt verulega að öllum framkvæmdum þar með talið að nýtingu orkuauðlinda.

61. gr.

Landsvirkjun telur æskilegt að skýra betur hvað átt er við með „*rétthafi*“ í 2. mgr.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri